



Sveitarfélagið
ÁRBORG

Fjölskyldusvið

2206396

Erindisbréf

Starfshópur um frekari uppbyggingu grunnskóla á Selfossi

Markmið

Meginmarkmið starfshópsins er að meta næstu skref um frekari uppbyggingu grunnskóla á Selfossi með það að markmiði að greina hvar heppilegast sé að byggja nýjan skóla.

Verkefni

Hópurinn meti hvar heppilegast sé að byggja næsta grunnskóla á Selfossi meðal annars út frá þróun byggðarinnar og spá um nemendafjölda. Hópurinn skoði m.a. skipan skólahverfa, mögulegar breytingar á þeim og reglum sem gilda um innritun í grunnskóla í Sveitarfélaginu Árborg.

Starfshópurinn skipa:

Faghópurinn skipa þrír fulltrúar bæjarstjórnar, Brynhildur Jónsdóttir, formaður D-lista, Gísli Rúnar Gíslason, D-lista, María Skúladóttir, S-lista. Með faghópnum starfa þau Atli Marel Vokes, Margrét Björk Brynhildardóttir, Þorsteinn Hjartarson og Hilmar Björgvinsson. Fleiri starfsmenn sveitarfélagsins og aðilar skólasamfélagsins geta verið kallaðir til ef faghópurinn telur þörf er á.

Starfshópurinn er skipaður tímabundið og skal ljúka störfum eigi síðar en 30. júní 2023 en skilar fundargerðum jafnóðum.

Þóknun:

Kjörnum fulltrúum skal greidd þóknun í samræmi við 43. gr. samþykkt um stjórn og fundarsköp bæjarstjórnar nr. 665/2019.

Samþykkt í bæjarráði Árborgar 22. september 2022